

Fjárreiðuyfirlit
2017

fjs

Apríl



Inngangur

Reikningsskil ríkissjóðs grundvallast árið 2017 í fyrsta sinn á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Þessi lög taka við af lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins sem hafa gilt um reikningsskilin frá árinu 1998. Í 60. gr. laga er fjallað um mánaðarlegt uppgjör Fjárslu ríkisins sem taka eigi saman greiðsluhreyfingar A-hluta ríkissjóðs vegna næstliðins mánaðar með samanburði við áætlanir innan ársins og útkomu sama tímabils á undan. Þar eigi að koma fram upplýsingar um innheimtar tekjur, greidd gjöld, fjárfestingu, fjármögnun og skuldastöðu. Þá er í greinargerð með lögumum vísað í að þetta uppgjör eigi að vera með sambærilegum hætti og gert hefur verið undanfarin ár samanber 40.gr. laga um fjárreiður ríkisins.

Með lögum um opinber fjármál er verið að gera grundvallarbreytingar á reikningsskilum ríkissjóðs. Þá er jafnframt verið að gera breytingar á fjárlagagerð og áætlanagerð og allt þetta hefur í för með sér að breyta verður framsetningu milliuppgjöra og skýrslna. Árið 2017 er fyrsta árið þar sem reikningsskilin eru samkvæmt nýjum stöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir ríkissjóð í heild og ársreikningalögum fyrir einstaka stofnanir. Innleiðingu á breyttum reikningsskilum er ekki lokið, en gert er ráð fyrir að hún taki að minnsta kosti þrjú ár. Nú er verið að gefa út yfirlit fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2017 í nýrri framsetningu en gert er ráð fyrir að þetta yfirlit verði í þróun yfir árið 2017 eftir því sem innleiðingunni vindur fram til að það þjóni hlutverki sínu sem best.

Yfirlitið nú samanstendur af eftirfarandi yfirlitum:

- Rekstrarreikningur
- Sjóðstreymi
- Sundurliðun tekna
- Yfirlit yfir málefna svið
- Yfirlit yfir málefna svið skipt niður á eðli útgjalda
- Yfirlit yfir hagræna skiptingu
- Lánayfirlit

Mánaðaryfirlit ríkissjóðs fyrir janúar – apríl 2017 liggur nú fyrir. Í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna á tímabilinu og þeirra gjalda sem búið er að gjaldfæra. Í þessu uppgjöri er ekki búið að taka tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu, bæði á tekju- og gjaldahlíð, sem ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Unnið verður að því samhliða innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla að færa mánaðarleg og ársfjórðungsleg uppgjör frá greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn eins og hægt verður. Við þá breytingu verður gætt að samræmi við framsetningu áætlana.

Áætlanaáætlunur í þessu mánaðaryfirliti byggja á dreifingu fjárveitinga sem aftur byggja á samþykktum rekstraráætlunum og áætlaðri dreifingu tekna innan ársins. Jafnframt er búið að taka tillit til fjárheimildastöðu frá fyrra ári og kemur hún að fullu inn í byrjun árs en er ekki dreift yfir árið. Ónýttar fjárveitingar nema nettó 19,6 milljörðum króna. Ljóst er að einhverjir fjárlagaliðir gera ráð fyrir að nýta ónýttar fjárveitingar frá fyrri árum og aðrar gera ráð fyrir að greiða upp halla.

Áhrif nýrra reikningsskilaaðferða eru eins og áður segir ekki komin að fullu inn í þetta yfirlit. Stofnefnahagsreikningar fyrir 1.1.2017 liggja ekki fyrir en í þeim er meðal annars gert ráð fyrir að færa upp varanlega rekstrarfjármuni og orlofsskuldbindingu. Búið er að færa varanlega rekstrarfjármuni hjá um 140

stofnunum og byrjað að gjaldfæra afskriftir á eldri eignum. Ekki er búið að færa inn stærri eignir ríkissjóðs og eru fjárfestingar ársins að stórum hluta til gjaldfærðar til samræmis við meðhöndlun fjárveitinga. Sú meðhöndlun breytist síðar á árinu og verður áætlunum breytt til samræmis. Ekki er farið að færa eignarhluti í félögum samkvæmt hlutdeildaraðferð. Gert er ráð fyrir innleiðingartíma 2017–2019 og er því ekki gert ráð fyrir að áhrifin verði að fullu komin inn fyrir en í lok árs 2019. Þó má gera ráð fyrir að stór hluti verði inni í ríkisreikning fyrir árið 2017. Þegar horft er á samstæðu A-hluta ríkissjóðs gera staðlar ráð fyrir að í henni verði búið að eyða út innbyrðisfærslum, bæði innan stofnana og á milli fjárlagaliða. Unnið er að þeirri breytingu en ekki er búið að taka tillit til innbyrðisfærslna í þeim yfirlitum sem hér eru birt.

Rekstraryfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild sýnir jákvæðan tekjujöfnuð að upphæð 18,1 ma.kr. samanborið við 1,1 ma.kr. sem áætlanir gerður ráð fyrir. Innheimtar tekjur án fjármunatekna námu samtals 248,1 ma.kr. á meðan áætlanir gerðu ráð fyrir 242,8 ma.kr. og voru því 5,3 ma.kr. hærrí. Mest munar þar um skatt á fjármagnstekjum sem var 2,7 ma.kr. hærrí en gert hafði verið ráð fyrir, virðisaukaskatt sem var 3,4 ma.kr. hærrí og sértekjur stofnana sem voru 6,0 ma.kr. hærrí. Frekari greiningu á frávikum í tekjum er að finna í yfirliti 3. Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 222,8 ma.kr. á meðan heildarfjárheimildir tímabilsins námu 242,9 ma.kr. og voru þau því 20,2 ma.kr. innan heimilda. Af þessum heimildum voru 19,6 ma.kr. hreinar ónýttar fjárveitingar frá fyrra ári og útgjöld tímabilsins því að mestu í samræmi við áætlun tímabilsins. Þá námu fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum nettó 7,3 ma.kr. en gert hafði verið ráð fyrir að þessi tala yrði jákvæð um 1,3 ma.kr. eða 8,6 ma.kr. verri staða. Þetta skýrist að stærstum hluta annars vegar með arðgreiðslum frá hlutafélögum í eigu ríkisins og hins vegar með gjaldfærðum afföllum vegna uppgreiðslu á erlendu láni.

Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs var neikvætt um 13,0 ma.kr. á tímabilinu þar sem innstreymi nam 279,6 ma.kr. og útstreymi 292,6 ma.kr. Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar á tímabilinu og nam útstreymi vegna þeirra 1,6 ma.kr. en hreint útstreymi vegna fjármögnunarhreyfinga nam 139,4 ma.kr. og lækkaði staða á handbæru fé um 154,0 ma.kr.

Yfirlit sem sýna sundurliðun á útgjaldaþróun eru töluvert breytt frá því sem verið hefur. Ný framsetning fjárlaga byggir á heimildum til málefna sviða en ekki til einstaka stofnana og byggja yfirlit 4 og 5 á þeirri skiptingu. Yfirlit 4 sýnir samandregna afkomu 34 málefna sviða þar sem horft er á útgjöld að frádregnum tekjum stofnana. Niðurstaða þessa yfirlits eru að útgjöld að frádregnum rekstrartekjum námu 236,9 ma.kr. samanborið við áætlun að fjárhæð 249,0 ma.kr. og eru því um 12,1 ma.kr. lægri en áætlanir. Þegar fjárveitingar frá fyrra ári eru teknar út eru útgjöldin samtals 7,6 ma.kr. umfram heimildir fjárlaga. Mest munar um stöðu á málefna svið 33, Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar sem er 14,4 ma.kr. yfir áætlunum sem skýrt var út hér á undan. Frávik annarra málefna sviða eru töluvert minni. Yfirlit númer 5 sýnir sömu niðurstöðu nema að þar eru rauntölurnar brotnar niður í eðli útgjaldanna, rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstillfærslur, fjárfestingarframlög og rekstrartekjur. Yfirlit 6 sýnir síðan hagræna skiptingu útgjalda samanborið við áætlanir.

Efnahagsreikningur er ekki birtur í þessu yfirliti enda munu þær breytingar sem verið er að innleiða hafa mest áhrif á hann og mun hann því taka miklum breytingum. Í yfirliti 7 er hins vegar að finna yfirlit yfir hreyfingar á lánum ríkissjóðs.

Mánaðaruppgjör A - hluta ríkissjóðs



janúar - apríl 2017

Yfirlit 1 - Rekstraryfirlit

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
Tekjur			
Skatttekjur og tryggingagjöld	197.599	194.644	2.954
Skattar á viðskipti með vörur og þjónustu	27.319	27.705	-385
Fjárframlög	0	1.190	-1.190
Aðrar tekjur	3.232	5.294	-2.062
Tekjur stofnana	19.970	13.938	6.032
Tekjur samtals	248.120	242.771	5.349
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	67.118	69.637	-2.519
Framlög og tilfærslur	96.925	105.992	-9.067
Annar rekstrarkostnaður	57.562	65.522	-7.959
Afskriftir	1.155	1.762	-607
Gjöld samtals	222.761	242.913	-20.152
Tekjur umfram gjöld	25.359	-142	25.501
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Arðgreiðslur, vaxtatekjur og verðbætur	26.848	21.275	5.573
Vaxtagjöld og verðbætur	34.133	20.000	14.133
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	-7.285	1.275	-8.560
Tekjujöfnuður	18.073	1.133	16.941

Mánaðaruppgjör A - hluta ríkissjóðs



janúar - apríl 2017

Yfirlit 2 - Sjóðstreymi

Allar tölur eru í millj.kr.

Raun

Handbært fé frá rekstri

Innheimta	279.643
Skatttekjur	197.599
Tryggingagjöld	27.319
Aðrar tekjur	3.232
Tekjur stofnana	19.970
Vaxtatekjur	26.848
Birgðabreyting	-109
Viðskiptakröfur, breyting	4.784

Greiðslur	-269.421
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar	-124.681
Fjármagnskostnaður	-34.133
Framlög og tilfærslur	-96.925
Viðskiptaskuldir, breyting	-13.682

Handbært fé frá rekstri samtals **10.222**

Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfesting	-1.848
Veitt löng lán	-1.139
Afborganir af langtímaskuldum	2.006
Kaup á hlutafé og stofnfjárframlögum	-603
Sala hlutabréfa og eignarhluta	0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-1.585

Fjármögnunarhreyfingar

Skammtímaskuldir, nettó	-23.225
Langtímaskuldir	18.414
Afborganir af langtímaskuldum	-157.834
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-162.645

Breyting á handbæru fé **-154.008**

Mánaðaruppgjör A - hluta ríkissjóðs



janúar - apríl 2017

Yfirlit 3 - Sundurliðun tekna

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
Skatttekjur og tryggingagjöld	224.918	222.349	2.569
Skattar á tekjur og hagnað	96.152	93.913	2.239
Tekjuskattur, einstaklingar	55.549	55.382	167
Tekjuskattur, lögaðilar	18.252	18.838	-586
Skattur á fjármagnstekjur, ríkissjóður	0	0	0
Skattur á fjármagnstekjur	22.352	19.693	2.658
Skattar á launagr. og vinnuafli	2.522	2.456	66
Fjársýsluskattur	1.017	963	55
Annað	1.504	1.493	11
Eignarskattar	3.132	2.641	491
Stimpilgjöld	1.497	1.573	-76
Erfðafjárskattur	1.272	871	401
Aðrir eignarskattar	362	197	166
Skattar á vöru og þjónustu	93.842	91.811	2.031
Virðisaukaskattur	68.710	65.297	3.413
Vörugjöld af ökutækjum	2.773	2.441	332
Vörugjöld af bensíni	3.664	3.836	-173
Olíugjald	2.937	2.691	246
Kolefnisgjald	895	1.217	-323
Áfengisgjald	5.046	4.733	313
Tóbaksgjald	1.933	2.180	-247
Vörugjald, umhverfisskattar	1.188	1.239	-51
Önnur vörugjöld	385	631	-246
Sértækir þjónustuskattar	2.878	2.882	-3
Bífreiðagjald	3.445	3.404	41
Aðrir neyslu og leyfisskattar	-13	1.259	-1.272
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	1.298	1.142	156
Aðrir skattar	653	2.682	-2.029
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	24	24	-1
Útvarpsgjald	130	139	-9
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	0	232	-232
Ýmsir skattar á atvinnurekstur	500	2.287	-1.787

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
Tryggingagjöld	27.319	27.705	-385
Tryggingagjald almennt	18.513	18.897	-384
Fæðingaorlofssjóður	2.752	2.761	-9
Atvinnutryggingagjald	5.770	5.738	32
Önnur tryggingagjöld	284	308	-24
Fjárframlög	0	1.190	-1.190
Fjármagnstekjur	26.848	21.275	5.573
Dráttarvextir af skatttekjum	1.499	1.533	-34
Aðrar vaxtatekjur	2.384	4.817	-2.433
Arðgreiðslur og tekjur frá ríkisfyrirtækjum	22.965	14.924	8.040
Aðrar tekjur	2.616	5.121	-2.504
Veiðigjald	887	809	78
Leigutekjur	101	642	-541
Sala á vöru og þjónustu	957	2.269	-1.313
Sektir og skaðabætur	546	624	-78
Stöðugleikaframlög	120	32	87
Ýmsar og óskilgreindar tekjur	6	744	-738
Sala eigna	615	173	442
Tekjur stofnana	19.970	13.938	6.032
Tekjur samtals	274.968	264.046	10.922

Mánaðaruppgjör A - hluta ríkissjóðs

janúar - apríl 2017



Yfirlit 4 - Málefнасvið, kostnaður að frádregnum rekstrartekjum

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Frávik	Frávik %
Málefнасvið samtals	236.925	229.351	7.574	3%	19.624	-12.050	-5%
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	1.528	1.490	38	3%	314	-276	-15%
02 Dómstólar	745	764	-19	-2%	0	-19	-2%
03 Æðsta stjórnýsla	688	529	159	30%	98	61	10%
04 Utanríkismál	4.391	4.727	-336	-7%	961	-1.296	-23%
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	6.427	4.963	1.464	29%	1.537	-73	-1%
06 Grunnskrár og upplýsingamál	718	837	-118	-14%	125	-244	-25%
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	3.983	3.735	248	7%	1.747	-1.499	-27%
08 Sveitarfélög og byggðamál	5.828	5.925	-96	-2%	389	-485	-8%
09 Almanna- og réttaröryggi	6.667	6.997	-330	-5%	303	-633	-9%
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla innanríkismála	4.987	4.032	955	24%	47	908	22%
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	7.950	11.336	-3.386	-30%	2.718	-6.104	-43%
12 Landbúnaðarmál	5.094	5.152	-58	-1%	295	-352	-6%
13 Sjávarútvegur	1.345	1.502	-156	-10%	1.193	-1.350	-50%
14 Ferðaþjónusta	560	242	318	131%	329	-12	-2%
15 Orku- og eldsneytismál	1.211	1.319	-109	-8%	68	-177	-13%
16 Markaðseftirlit og stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar	-246	1.266	-1.512	-119%	211	-1.723	-117%
17 Umhverfismál	3.487	3.753	-265	-7%	3.498	-3.763	-52%
18 Menning og listir	3.442	3.354	88	3%	534	-446	-11%
19 Fjölmíðlun, íþróttá- og æskulýðsmál	1.595	1.599	-5	0%	11	-16	-1%
20 Framhaldsskólastig	8.967	9.781	-814	-8%	987	-1.801	-17%
21 Háskólastig	12.066	13.168	-1.102	-8%	649	-1.750	-13%
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála	1.503	1.414	90	6%	-47	137	10%

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Frávik	Frávik %
23 Sjúkrahúsþjónusta	24.720	24.954	-233	-1%	1.221	-1.454	-6%
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	11.997	12.522	-525	-4%	844	-1.370	-10%
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	12.312	11.294	1.018	9%	1.108	-90	-1%
26 Lyf og lækningavörur	6.106	5.599	507	9%	0	507	9%
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	16.272	15.399	873	6%	4	869	6%
28 Málefni aldraðra	22.538	22.014	524	2%	0	524	2%
29 Fjölskyldumál	10.712	11.689	-977	-8%	-244	-733	-6%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	5.668	5.224	444	9%	134	310	6%
31 Húsnæðisstuðningur	1.975	5.216	-3.241	-62%	448	-3.689	-65%
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	1.971	2.035	-64	-3%	142	-206	-9%
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	39.717	25.360	14.357	57%	0	14.357	57%
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	0	162	-162		0	-162	

Mánaðaruppgjör A - hluta ríkissjóðs

janúar - apríl 2017



Yfirlit 5 - Málefнасvið yfirlit 2

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjár- magns- tilfærslur	Fjár- festingar- framlög	Rekstrar- tekjur	Framlag ríkis- sjóðs	Áætlun	Frávik
Málefнасvið samtals	155.244	92.504	4.418	4.730	-19.970	236.925	248.975	-12.050
1 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	1.520	16	0	6	-14	1.528	1.804	-276
2 Dómstólar	745	0	0	0	-0	745	764	-19
3 Æðsta stjórnarsýsla	688	6	0	0	-6	688	627	61
4 Utanríkismál	2.342	2.510	0	2	-462	4.391	5.688	-1.296
5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	8.571	387	0	374	-2.906	6.427	6.500	-73
6 Grunnskrár og upplýsingamál	1.111	4	0	1	-397	718	962	-244
7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	546	424	3.250	14	-251	3.983	5.482	-1.499
8 Sveitarfélög og byggðamál	11	5.818	0	0	0	5.828	6.313	-485
9 Almanna- og réttaröryggi	7.366	159	0	16	-874	6.667	7.300	-633
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla innanríkismála	3.866	1.164	11	0	-53	4.987	4.079	908
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	4.304	1.207	526	2.385	-471	7.950	14.054	-6.104
12 Landbúnaðarmál	507	4.692	0	0	-105	5.094	5.447	-352
13 Sjávarútvegur	1.684	213	0	0	-551	1.345	2.695	-1.350
14 Ferðapjónusta	161	167	232	1	-1	560	572	-12
15 Orku- og eldsneytismál	200	1.060	0	0	-49	1.211	1.388	-177
16 Markaðseftirlit og stjórnarsýsla atvinnumála og nýsköpunar	1.218	39	0	0	-1.503	-246	1.477	-1.723
17 Umhverfismál	3.099	857	107	129	-703	3.487	7.251	-3.763
18 Menning og listir	2.455	1.081	207	9	-309	3.442	3.888	-446
19 Fjölmíðlun, íþróttar- og æskulýðsmál	1.326	259	10	0	0	1.595	1.611	-16
20 Framhaldsskólastig	8.661	843	0	0	-537	8.967	10.768	-1.801

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjár- magns- tilfærslur	Fjár- festingar- framlög	Rekstrar- tekjur	Framlag ríkis- sjóðs	Áætlun	Frávik
21 Háskólastig	9.350	5.295	0	468	-3.047	12.066	13.816	-1.750
22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála	1.043	588	0	0	-128	1.503	1.367	137
23 Sjúkrahúsþjónusta	27.083	710	0	625	-3.698	24.720	26.174	-1.454
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	8.645	5.830	0	0	-2.478	11.997	13.367	-1.370
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	12.176	3	63	651	-582	12.312	12.402	-90
26 Lyf og lækningavörur	2.220	3.887	0	0	-1	6.106	5.599	507
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	33	16.242	0	0	-3	16.272	15.403	869
28 Málefni aldraðra	4	22.535	0	0	-1	22.538	22.014	524
29 Fjölskyldumál	1.035	9.697	0	0	-20	10.712	11.445	-733
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	1.224	4.878	0	0	-434	5.668	5.358	310
31 Húsnæðisstuðningur	59	1.854	13	49	0	1.975	5.664	-3.689
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	2.276	80	0	0	-386	1.971	2.177	-206
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	39.717	0	0	0	0	39.717	25.360	14.357
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	0	0	0	0	0	0	162	-162

Mánaðaruppgjör A - hluta ríkissjóðs



janúar - apríl 2017

Yfirlit 6 - Hagræn skipting

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
Rekstrargjöld	155.244	143.047	-12.197
Laun	61.362	64.282	2.920
Lífeyrisskuldbindingar	5.757	5.356	-401
Afskriftir			
Önnur gjöld	54.181	53.410	-771
Fjármagnskostnaður	33.945	20.000	-13.945
Rekstrartilfærslur	92.504	96.674	4.171
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	16	13	-3
02 Dómstólar	0	0	-0
03 Æðsta stjórnarsýsla	6	33	26
04 Utanríkismál	2.510	2.203	-307
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	387	422	35
06 Grunnskrár og upplýsingamál	4	0	-4
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	424	630	205
08 Sveitarfélög og byggðamál	5.818	6.312	494
09 Almanna- og réttaröryggi	159	139	-21
10 Réttindi einstakl., trúmál og stjórnarsýsla innanr.mál.	1.164	1.168	4
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	1.207	525	-682
12 Landbúnaðarmál	4.692	4.980	287
13 Sjávarútvegur	213	1.075	862
14 Ferðaþjónusta	167	65	-101
15 Orku- og eldsneytismál	1.060	1.107	47
16 Markaðseftirlit og stjórnarsýsla atvinnum. og nýsk.	39	101	62
17 Umhverfismál	857	945	88
18 Menning og listir	1.081	1.305	224
19 Fjölmíðlun, íþróttar- og æskulýðsmál	259	281	22
20 Framhaldsskólastig	843	853	10
21 Háskólastig	5.295	5.606	310
22 Önnur skólastig og stjórns. mennta- og menningarm.	588	604	16
23 Sjúkrahúsþjónusta	710	740	30
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	5.830	5.181	-649
25 Hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta	3	382	379
26 Lyf og lækningavörur	3.887	3.638	-248
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	16.242	15.375	-867
28 Málefni aldraðra	22.535	22.006	-528
29 Fjölskyldumál	9.697	10.847	1.150
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	4.878	4.649	-230
31 Húsnæðisstuðningur	1.854	5.142	3.288
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	80	293	212
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	0	57	57

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
Ýmis málefnasvið	0	0	0
Fjármagnstilfærslur	4.418	9.317	4.900
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	3.250	4.569	1.319
09 Almanna- og réttaröryggi	0	13	13
10 Réttindi einstakl., trúmál og stjórnsýsla innanr.mál.	11	0	-11
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	526	944	418
13 Sjávarútvegur	0	284	284
14 Ferðaþjónusta	232	147	-85
17 Umhverfismál	107	1.681	1.574
18 Menning og listir	207	112	-95
19 Fjölmiðlun, íþróttá- og æskulýðsmál	10	8	-2
21 Háskólastig	0	-1	-1
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	63	1.047	984
31 Húsnæðisstuðningur	13	513	500
Annað			
Fjárfestingarframlög	4.730	13.874	9.145
Gjöld samtals	256.894	262.913	6.019

Mánaðaruppgjör A - hluta ríkissjóðs

janúar - apríl 2017

Yfirlit 7 - Lánayfirlit



	Árslok	Hreyfingar á árinu 2017			Febrúarlok
	2016	Tekin/veitt			2017
<i>Allar tölur eru í millj.kr.</i>	Samtals	lán	Afborgun	Endurmat	Samtals
Veitt löng lán, nettó	152.343	1.139	-2.006	120	147.603
Veitt löng lán	152.343	1.139	-2.006	120	151.596
Veitt lán til Seðlabanka Íslands					0
Veitt lán, önnur	152.343	1.139	-2.006	120	151.596
Innheimtar afborganir af veittum löngum lánum
Innheimtar afborganir frá Seðlabanka Íslands
Innheimtar afborganir, aðrar
Næsta árs afborganir fl. á skammtímakröfur					-3.993
Tekin löng lán, nettó	-1.064.049	-18.414	157.834	2.469	-922.160
Tekin löng lán	-1.109.144	-18.414	157.834	2.469	-967.256
Spariskírteini	-203.665	-565	819	-686	-204.096
Ríkisbréf	-624.983	-17.849	46.929	0	-595.903
Seðlabanki Íslands	-28.500	0	10.000	0	-18.500
Önnur innlend lán	-50.048	0	1.278	-165	-48.936
Erlend lán	-201.949	0	98.808	3.320	-99.822
Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldir	45.096	0			45.096

1) Eignaaukning eða skuldaminunkun = -